



Erasmus+



VET4Change og InnoVET verkefni

VMA tekur þátt.

Hildur Friðriksdóttir og Jóhannes Árnason.

Kynning 2020.

Umræða um byggðapróun og starfsmenntun.

Tvö Erasmus + verkefni - InnoVET og VET4Change þar sem dreifbýl svæði eru skoðuð og sérstaklega reynt að skoða tengsl starfsnámskerfa við umræðu um byggðapróun og svæðin sjálf.

VET = Vocational Education and Training = Starfsmenntun og þjálfun.

InnoVET 2017 - 2019. Innovative VET Devices in Rural Territories.

VET4Change 2020 - 2022. VET leads / changes rural territories toward sustainability.

MFR í Frakklandi stýrir verkefnum.

MFR = Maison Familial Rurales húsnæði, fjölskyldur, dreifbýli.

<https://www.mfr.fr/>

<http://www.mfr-latourdaigues.com/>

MFR skólar eru á meira en 400 stöðum í Frakklandi og öðrum löndum. Hver skóli er lítil, oft bara um 100 nemendur. Fjölskyldur reka skólana og þeir eru yfirleitt í dreifbýli. 40.000 nemar á ári í kerfi MFR.

Námið byggist oftast á að nemar eru til skiptis í skólanum og á vinnustað (á samningi). Formation par Alternance = þjálfun til skiptis = dual training.

InnoVET verkefnið - viðfangsefni

InnoVET 2017 - 2019. Innovative VET Devices in Rural Territories.

Verkefnið gekk út á vettvangsathuganir (case studies) og þróun á aðferðum sem hægt er að beita til að finna leiðir til að kortleggja svæðin og að skoða sérstaklega þátt starfsmennta- og starfsþjálfunarkerfa í þróun dreifbýlla svæða.

Til að hægt væri að skoða þetta hlutlægt þurfti hópurinn að vinna með aðferðir og líkön til að horfa á slík svæði. Hvaða eiginleika hefur svæðið, hverjir ráða, hvaða auðlindir, hvaða þekking, hvaða siðir og venjur, hvaða möguleikar eru fyrir hendi?

<https://www.vma.is/is/moya/page/ferdasogur>

<https://workqual.vma.is/index.php?title=VET4Change>

InnoVET verkefnið - þátttakendur

MFR aðalskrifstofa. Stýrði verkefninu og nokkrir fulltrúar ýmissa skóla í MFR kerfinu tóku þátt í verkefninu að hluta eða öllu leyti. Frakkland.

MFR á Reunion eyju, samtök MFR skóla, nokkrir slíkir skólar, landbúnaður.....

IFOCAP, samtök sem sjá bændum og öðrum úr dreifðum byggðum fyrir leiðtogaþjálfun. Frakkland.

Sol et Civilisation nokkurskonar hugveita og ráðgjafabatteri um byggðamál. Frakkland
BSC, Business Support Centre, Sér um að gera svæðisáætlanir, Kranj, Slóveníu.

OFFA í Belgíu er nýleg stofnun sem vinnur að því að samræma starfsnám í Valloníu.

Vivasol frá Litháen eru lítil samtök smáframleiðenda sem selja eigin afurðir.

GAL Napoca eru svæðisssamtök óháð stjórnvöldum í Transylvaníu í Rúmeníu.

VMA – Verkmenntaskólinn á Akureyri sem er eini formlegi opinberi skólinn í hópnum.

InnoVET verkefnið - dagskrá

Fundur 1 í **Brussel** okt 2017

Fundur 2. Námskeið og vettvangsathuganir í **Figeac** í suður / mið Frakklandi nóv 2017.

Fundur 3. Fundur og vettvangsathuganir á **Akureyri** mars 2018.

Fundur 4. Fundur og vettvangsathuganir í **Cluj í Transylvaníu** í Rúmeníu í maí 2018.

Fundur 5. Fundur og vettvangsathuganir í **Litháen** nóvember 2018.

Fundur 6 . Fundur og vettvangsathuganir í **Slóveníu og Bosníu-Herzegovínu** mars 2019.

Fundur 7. Fundur og námskeið í viku á **Reunion** eyju í maí 2019.

Fundur 8. Lokafundur í **París** í júlí 2019.

VET4Change verkefnið - samþykkt

VET4 Change - exchanging practices in Europe about VET in rural areas.

Í raun er titill verkefnisins ekki fullmótaður núna í byrjun þótt vitað sé að verkefnið muni skoða það hvernig ákvarðanir eru teknar um dreifbýl svæði.

Annars vegar er skoðað hvernig áhrif starfsmenntun hefur á svæðin og hvernig hún er og hinsvegar hvernig hún leiðir til betri stöðu svæðanna, svæðin verða meira sjálfbær.

VET4Change verkefnið - leiðarljós - þýðing

Á okkar tímum hefur hnattvæðing áhrif á efnahagslegt og félagslegt jafnvægi á flestum svæðum. Margir aðilar eru að leita að leiðum til að **samræma betur það sem mennta- og þjálfunarkerfin gera og þarfir svæðanna fyrir færni og hæfni**. Stundum er þetta kallað “mismatch” þ.e. að menntun og þjálfun útskrifaðra passar ekki við þarfir samfélags og atvinnulífs.

Það er áskorun að **veita þeim sem stýra starfsmenntakerfum og öðrum hlutaðeigandi sterkari rödd og styrkari stöðu innan einstakra svæða í Evrópu**. Þarna þarf að skoða áhrif fólksflutninga og heimsmarkmiða um sjálfbærni.

Verkefnið miðar að því að finna leiðir til að **hlusta af athygli á svæðin** þannig að það fólk sem tekur stefnumarkandi ákvarðanir verði sem hæfast til þess að taka ákvarðanir sem styrkja svæðin.

Þátttakendur í verkefninu munu **nýta ýmsar leiðir til að koma auga á og skerpa þeirra eigin sýn og um leið stefnu á þeirra svæði**, á landsvísu og í Evrópsku og alþjóðlegu samhengi.

Það fólk sem mótar stefnuna þarf að skilja hvað það merkir að vinna að svæðisbundinni stefnu og þá mun það geta unnið af ábyrgð sem kjörnir fulltrúar fyrir svæðin en um leið taka þátt í að takast á við Evrópsk og alþjóðleg viðfangsefni.

VET4Change verkefnið - viðfangsefni

Verkefnið er tileinkað þeim aðilum sem móta stefnu fyrir svæði, meðal annars með því að skoða leiðir til að ungt fólk fái rödd og geti haft áhrif á þeirra eigin líf og heimasvæði.

Mælt er með að þátttökuaðilar hafi aðallega tvo eða þrjá aðila sem fylgja verkefninu í gegn frá hverjum aðila.

Hildur Friðriksdóttir hildurfri@vma.is og Jóhannes Árnason jarn@vma.is tóku þátt í InnoVET fyrir hönd VMA. Þau munu líka starfa að VET4Change en einnig munu einhverjir úr stjórnendahópi VMA taka þátt. (Einn stjórnenda VMA fór á fund í InnoVET.)

VET4Change verkefnið - þátttakendur

MFR aðalskrifstofa. Stýrir verkefninu. Líklega munu fulltrúar ýmissa skóla í kerfinu taka þátt í verkefninu að hluta eða öllu leyti. Frakkland

MFR svæðissamtök í austurhluta Frakklands, Grand Est.

BSC, nýsköpunarmiðstöð og gerð svæðisáætlana, Kranj, Slóveníu.

IFOCAP, samtök sem sjá um bændum og öðrum úr dreifðum byggðum leiðtogaþjálfun. Frakkland. (Gætu verið að falla út, vonandi heldur samt Olivia áfram.)

GAL Napoca eru svæðisssamtök óháð stjórnvöldum í Transylvaníu í Rúmeníu.

VMA – Verkmenntaskólinn á Akureyri.

Breza = Birki - svæðisssamtök í Osijek Króatíu til að styrkja hópa sem verða undir.

Inter - Mondes Belgique, stofnun sem tengir saman suður og norður / þróunarsamtök.

Estonian Leader Union, samtök um leiðtogaþjálfun í almannasamtökum.

VET4Change - dagskráartillaga - uppfærð okt 21 - á eftir að staðfesta

Haust 2020. Upphafsfundur í Brussel. Fjarfundur.

Sumar 2021. Olivier í fríi í Rúmeníu hitti heimamenn og hina á fjarfundu.

8. - 15. október 2021. EYE í Strasbourg og vika í Ramonchamp Grand Est.

29. nóv - 2 des 2021 Brussels (atburður, hugsanlega fáir þáttt. frá verkefni).

28 - 29 jan 2022 Strasbourg Youth Conference ????

vika 13. 28 - 30 mars 2022 Fundur í Eistlandi allir þáttt.

vika 19. 9. - 13. maí 2022 Vika / training í Slóveníu og Króatíu.

15. - 16. júní 2022 Brussel Sumir partn European Development days

vika 41 10. - 14. okt 2022 Vika / training á Íslandi.

16. - 18. jan 2023 Rúmenía (kannski í desember)

15. - 16. júní 2023 Frakkland European Development Days. Lokafundur, matsfundur.

VET4Change verkefnið - samstarf á NE svæði

VMA er formlegur aðili að umsókninni um verkefnið. Eitt af því sem styður svona umsóknir er að hluti þátttakenda hafi starfað saman og skilað af sér góðum verkefnum.

SSNE gaf óformlegt samþykki fyrir því að vera nefnt í umsókninni sem samstarfsaðili VMA. SAMNOR (samstarf framhaldsskólanna) gerði það líka.

Þetta merkir ekki skyldur eða endilega þátttöku í fundum heldur að VMA geti leitað til aðila um umræður, ábendingar og einhverja þátttöku í fundinum á Íslandi.

Best væri að fulltrúar SSNE og SAMNOR gætu tekið þátt í einhverjum fundum.